

Sp.

98. Tillaga til þingsályktunar

[95. mál]

um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna.

Flm.: Jón Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni skipun þriggja manna nefndar til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slyshættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af Siglingamálastofnun ríkisins og sá þriðji tilnefndur af Hafnamálastofnun ríkisins.

Skal starf nefndarinnar miða að því:

- a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysgildirur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta,
- b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta,
- c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins,
- d) að gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum, sem um hafnir fara, til aukins öryggis.

Ofangreind athugun og tillögugerð skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982.

Greinargerð.

Kunnari er en frá þurfi að segja sú mikla slysatíðni sem ár hvert á sér stað við hafnir landsins. Eru hafnarmannvirki, bryggjur og landgangar skipa og báta í mörgum tilvikum illa útbúin og bjóða í sumum tilvikum beinlínis hættunni heim. Má m. a. finna staðfestingu þessa í eftirfarandi töflu sem tekin hefur verið saman um fjölda slysa við hafnir og landgang skipa árin 1975 til miðs árs 1981.

Slysfarir við hafnir landsins. Fjöldi.	Ár							Alls
	75	76	77	78	79	80	81*)	
A. Sjósllys og drukknanir								
Í höfnum hér við land	5	12	7	8	4	8	2	46
Í höfnum erlendis	0	1	0	0	2	1	1	5
B. Umferðarslys								
Ekið/hjólað út af bryggju	2	1	1	0	4	3	1	12
C. Drukknanir alls með skipum, í ám, vötum, við fall útbyrðis, útafakstur af bryggju o. fl.	21	38	18	21	33	35	13	179
D. Bjarganir frá drukknun í höfnum við land	9	24	22	11	14	23	7	110
E. Slys við að fara að og frá skipi (dauðaslys ekki meðtalín)	32	26	17	29	6	18	—	128

* Tímabilið 01.01.—30.06.1981.

Eru þessar tölulegu staðreyndir byggðar á upplýsingum frá Slysavarnafélagi Íslands, þ. á m. Árbókum félagsins 1976—1981. Einnig hefur verið stuðst við skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa árin 1975—1980.

Vekur athygli í nefndri töflu hversu hátt hlutfall dauðaslysa við hafnir landsins er af heildarslysafjölda (drukknana), þrátt fyrir allar þær giftusamlegu bjarganir sem tekist hafa.

Þá er einnig umhugsunarverður sá mikli fjöldi slysa sjómanna við ferðir að og frá skipsfari. Hvað þennan flokk slysa snertir er þó rétt að taka fram að fjöldi slysa er byggður á skýrslum Tryggingastofnunar ríkisins varðandi bótaskyld tjón sjómanna, en til að slys sé bótaskyld þarf viðkomandi að hafa verið frá vinnu í 10 daga eða lengur svo sem kunnugt er. Er í mörgum tilvikum um smávægileg meiðsli að ræða, sem engu að síður verða þó talin til slysa.

Loks eru þekkt þau umferðarslys, sem orðið hafa við hafnir landsins og oft má rekja beint og óbeint til vanbúinna bryggjukanta, sem í sumum tilvikum hefði vafalaust mátt koma í veg fyrir við frumhönnun og byggingu hafnarmannvirkja.

Þessi tilvik öll gefa tilefni til að ætla að öryggisbúnaði við hafnir landsins sé víða mjög ábótavant, þó að finna megi í hafnarreglugerðum og öðrum sambærilegum reglum um búnað skipa ótvíræða skyldu til aukins öryggis og betri búnaðar en nú tíðkast. Full ástæða virðist því vera til sérstakrar heildarathugunar á þessum málum. Miðar tillagan að slíkri úttekt og tillögugerð til fyrirbyggjandi aðgerða og úrbóta.

Þykir rétt að nefnd sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, verði skipuð 3 fulltrúum stofnana sem allar tengjast máli því sem hér um ræðir, hver um sig þó á sína vísu.

Verður að ætla nefndinni nokkurn tíma til athugana sinna og tillögugerðar, þar sem ljóst er að verkið er tímafrekt ef að gagni á að koma, erfitt og illframkvæmanlegt við vetrarskilyrði, einkum á landsbyggðinni. Því er nefndinni gefinn nokkuð rúmur tími til starfa, en þó ætlast til að störfum hennar verði lokið í síðasta lagi í árslok 1982.